

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 21. mars 2019, kl. 16
haldinn í Bókamiðstöðinni, Laugaveg.

Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Þórleifur Friðriksson, Baldvin Heimisson og Þóra Elfa Björnsson. Svanur Jóhannesson og Sófus Guðjónsson fjarverandi. Þorsteinn Veturliðason gestur fundarins. PEB skráði.

1. Heimir setti fundinn og sagði vélaflutning framundan. Fjarlægð verður Grapho prentvél og henni fargað en setjaravél úr eigu Árbæjarsafns (upprunalega úr Víkingsprent) en sem lánuð verður til Prentsöguseturs komið fyrir í húsnæðinu. Hann bar upp tillögu um að Baldvini og Þorsteini V. væri falið að ganga í málið og var hún samþykkt. Þá minnti hann á að prenta þyrfti bréfsefni o. fl. Þórleifur tekur að sér að hanna og urðu nokkrar umræður um lógóið. Þá færði Heimir Þorsteini Veturliðasyni þakkir fyrir ómetanlega aðstoð að undanfögnu við frágang á húsnæðinu. Heimir minnti á að merkja þyrfti húsnæðið að utan svo gestum væri ljóst hvar það væri til húsa. Þá varð nokkur umræða um daglegan rekstur setursins og kostnað við hann og borið saman við lög félagsins. Rætt um söfnun styrkja og aðferðir til þess. Þorsteinn V. ætlar að kanna hvernig söfn úti á landi sem hann þekkir nokkuð til fara að.
2. *Skráning muna o.fl.* Minnt á mikilvægi þess að hefja skráningu munanna sem fyrst. Heimir hefur samband við Hjört Guðnason.
3. Líður senn að *aðalfundi* og mun Svanur sjá um framkvæmd, athugað verður með húsnæði hjá Grafíu. Þau Þórleifur og Þóra Elfa lýstu yfir að þau gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Fleira ekki skráð.